

Vegagerðin, Austursvæði  
Búðareyri 11-13  
730 Reyðarfjörður

Akureyri, 14.3.2023  
UST202203-080/G.S.Á.  
08.06.02

### **Efni: Þykktarmæling 2023 – Vegagerðin Reyðarfirði**

Umhverfisstofnun barst þann 31. janúar sl., þykktarmælingar á bikgeymi olíubirgðastöðvar Vegagerðarinnar á Reyðarfirði. Númeramerking geymisins kemur ekki fram á skýrslunni en geymirinn er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila að Óseyri 2, á hafnarsvæði Reyðarfjarðar. Geymirinn er standandi stálgeymir en smíðaár hans er ekki tekið fram.

Þykktarmælingarnar framkvæmdi Tryggvi Pétursson hjá VPS verkfræðipjónustu, þann 23. janúar 2023. Notaður var T-gage mælir frá Sonatest og var hann stilltur fyrir 4, 6 og 8 mm. Mældir voru 4 punktar í botni geymisins og fjórar mælingar gerðar á vegg geymisins.

Fram kemur í skýrslu VPS verkfræðipjónustu að nokkrar mælingar voru teknar á hverjum stað í botni til að reyna finna út hvort einhver tæringar blettir kæmu fram. Það er einhver tæring í botni þar sem mælingar eru aðeins mismunandi en þykktin alstaðar vel innan viðmiðunarmarka. Engin sýnileg tæring á botni eða belg.

Meðfylgjandi er skýrsla VPS verkfræðistofu um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.  
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
*Sérfræðingur*

Sigríður Kristinsdóttir  
*Teymisstjóri*